

Sigurbjörg Ásgeirsdóttir

SÍMAMÁL

Er síminn byggðamál? Er ekki síminn nauðsylegur fyrir alla ekki bara landsbyggðina. Síminn er nauðsynja tæki í öllu nútíma lífi. Gegnum hann getum við rækt kynni við frændur og vini og rekið önnur erindi hersdagsins. Þegar ég kom heim af landsfundi Kvennalistans í fyrra var síminn kominn. Það er að segja sjálfvirki síminn. Auðvitað fór ég strax að hringja. Og mikið var gaman að geta sagt hvað sem maður vildi án þess að hneyksla aðra en þá er talað var við. Nú gat ég hringt hvenær sem ég purfti. En það var nú eitthvað annað en að það væri auðvelt. Ég hef setið við heilt kvöld að hringja til Reykjavíkur án þess að ná. Þó var fullyrt að síminn væri ekki bilaður. Þið talið bara svona mikið. En þarf þetta að vera svona? Nei, við sáum það í haust að það er hægt að fjölga línum, mér liggur við að segja með eldingar hraða. Í Dalasýslu, þúsund manna samfélagi, eru 18 línum út úr héraði en 12 innan héraðs. Enda er það svo, að síminn er að jafnaði óvirkur á mánudagsmorgnum, fimmtudagskvöldum og föstudagskvöldum. Þetta hefur verið mælt í Stykkishólmi því öll símtöl suður fara þar í gegn. Hvað á maður að gera ef slys eða eldsvoði yrði? Það gleymist oft að síminn er ómissandi öryggistæki ekki síst okkur dreifbýlisbúum. En það er fleira sem snýr að okkur eins og þessar litlu símstöðvar, sem eru sér gjaldsvæði. Einn er t.d. í Saurbænum þar getur fólk hringt í innan við 30 númer á sama taxta og allt 91 svæðið. Sér er nú hvert réttlætið. Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillga um sama gjald fyrir símapjónustu á öllu landinu. Í greinargerð með henni kemur fram að það er ekki tæknilegt vandamál, heldur pólitík, að svo verði. Þetta er mjög brýnt hagsmunamál landsbyggðar því hver mínúta í langlinusamtali kostar nú 10 sinnum meira en í innanbæjarsamtali. Samkvæmt mælingum Pósts og síma á símaumferð virðist 78% skrefa á landsbyggðinni vera

langlinusamtöl en aðeins 40% á Reykjavíkursvæðinu. Að sjálfsögðu þvælast hrokafullir karlar í kerfinu fyrir þessu. En við skulum ekki hlusta á þá. Heldur krefjast símapjónustu sem er annað og meira en nafnið tómt. Og minnast þess alltaf að við erum ein þjóð í einu landi. Og eigum að tala saman fyrir sama verð hvar sem við búaum á landinu. Það er okkar takmark.